

Hvað finnst Íslendingum um umhverfismál og loftslagsbreytingar? Niðurstöður úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni 2010 og 2020

Sóllilja Bjarnadóttir, doktorsnemi í félagsfræði við HÍ
Helga Ögmundardóttir, dósent í mannfræði við HÍ
Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði við HÍ

Rannsóknin er styrkt af Loftslagssjóði (styrknúmer: 200373-5801) og Samfélagsstyrk Landsbankans. Við þökkum Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur og Þorvarði Árnasyni fyrir samstarf við gagnaöflun og rannsóknarverkefnið í heild.

1 Inngangur

Loftslagsbreytingar eru eitt stærsta vandamál samtímans og hafa málefni tengd þeim fengið aukið rými í umræðu almennings og hjá stjórnvöldum víðs vegar um heim (IPCC, 2013). Markmið þessarar skýrslu er að rýna í það hvernig viðhorf Íslendinga til umhverfisins, þar með talin viðhorf til loftslagsbreytinga, hafa breyst yfir tíma. Borin verða saman gögn úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (International Social Survey Programme, ISSP) sem lögð var fyrir 2010 og 2020. Við skiptum skýrslunni í þrjá kafla. Fyrsti kaflinn snýr að viðhorfum Íslendinga til loftslagsbreytinga, annar kaflinn að almennari viðhorfum til umhverfismála og í síðasta kaflanum er skoðaður hópamunur á umhverfisviðhorfum Íslendinga.

Umhverfismál hafa fengið aukið vægi í opinberri umræðu undanfarna áratugi og sýna rannsóknir að áhersla almennings á umhverfismál hefur aukist síðastliðin 30 ár (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl., 2021). Þessi viðhorf hafa þróast á þessum tíma sem leiðir meðal annars til þess að mun flóknara er orðið að mæla umhverfisviðhorf almennings. Áður fyrr snerust umhverfisviðhorf Íslendinga að miklu leyti um verndun umhverfisins í þeim skilningi að ekki ætti að virkja á ákveðnum svæðum landsins. Þar má nefna að umhverfisverndarhyggja (e. *environmentalism*) kom fram á Íslandi á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar (Þorvarður Árnason, 2004) og náði hámarki þegar deilur um Kárahnjúkavirkjun fóru af stað. Því var viðhorf til umhverfisins mjög litað af verndun ákveðinna svæða í nokkra áratugi en síðan þá hefur áherslan á loftslagsbreytingar aukist.

Niðurstöður okkar byggja á alþjóðlegu viðhorfakönnuninni ISSP, sem Ísland hefur tekið þátt í síðan 2009. Er það ein virtasta alþjóðlega könnunin innan félagsvísinda og er mikil áhersla á að hún sé aðferðafræðilega, kenningalega og menningarlega samhæfð. Könnunin er lögð fyrir árlega og er lögð áhersla á mismunandi málefni hverju sinni, en árin 2010 og 2020 var áherslan á umhverfismál. Könnunin á Íslandi var net- og póstkönnun bæði árin og var framkvæmd í höndum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Skýrslan samanstendur af lýsandi tölfræði á viðhorfum Íslendinga til ýmissa spurninga sem tengjast loftslagsbreytingum og er þá hægt bæði að sjá hver viðhorf Íslendinga eru sem og breytingar yfir tíma. Í síðasta kaflanum eru síðan framkvæmdar aðhvarfsgreiningar fyrir allar spurningarnar, en slíkar niðurstöður leyfa okkur að skoða hvort munur er á viðhorfum á milli hópa.

1.1 Skilgreining á umhverfisviðhorfum


Fræðafólk á Íslandi hefur notað hugtökin umhverfisviðhorf (e. *environmental attitudes*), umhverfishygd (e. *environmental concern*) og/eða umhverfisvitund (e. *environmental awareness*) til að útskýra viðhorf einstaklinga til umhverfisins (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl., 2021; Þorvarður Árnason, 2004). Umhverfisviðhorf hafa í erlendu samhengi verið skilgreind sem áhyggjur af umhverfinu, þar sem svokallaður NEP-mælikvarði (e. *new environmental paradigm scale*) er notaður, en hann mælir mismunandi víddir hugtaksins. Umhverfishygd hefur verið skilgreind hér á landi sem hversu meðvitað fólk er um þau umhverfisvandamál sem við stöndum frammi fyrir og/eða hvort það styður aðgerðir til að sporna gegn þessum breytingum (Þorvarður Árnason, 2004). Umhverfisvitund hefur síðan verið notuð í svipuðum tilgangi til að mæla að hvaða leyti einstaklingar eru meðvitaðir um þau vandamál sem við glímum við, t.d. með því að skoða muninn á hvort einstaklingar styðja það að vernda náttúruna eða leggja áherslu á stóriðju (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl., 2021). Með aukinni áherslu á loftslagsbreytingar virðast þessir mælikvarðar ekki ná almennilega utan um hvað það er sem fólk hefur áhyggjur af, sem og hvaða aðgerðir einstaklingar styðja fram yfir aðrar til að sporna gegn þeim breytingum á loftslaginu sem við stöndum frammi fyrir.

Á síðustu árum hefur rannsóknnum innan félagsvísinda sem skoða umhverfismál fjölgað, en styrkur félagsvísindanna er að skoða samfélagslega þætti auk efnahagslegra þátta varðandi loftslagsbreytingar (Islam og Kieu, 2021). Með því er átt við að skoðaðir eru þættir eins og ójöfnuður, félagslegt misrétti og togstreita innan og á milli þjóða þegar áhrif loftslagsbreytinga eru metin. Þannig er hægt að byggja upp betra samfélag byggt á rannsóknnum sem skoða hina mannlegu hlið loftslagsbreytinga og því er líklegra að hægt sé að bæta nútímasamfélög í kjölfarið. Félagsvísindin hafa sýnt hvernig loftslagsbreytingar eru samfélagsleg áskorun, meðal annars vegna þess ójafnréttis og þeirrar félagslegu togstreitu sem hefur orðið í kjölfar loftslagsbreytinga. Þar hefur sérstaklega verið bent á að loftslagsbreytingar hafa neikvæðari áhrif á suma hópa en aðra, en einnig geta þær aðgerðir sem beitt er stuðlað að auknum ójöfnuði (Harland o.fl., 2015).

Þetta ójafnrétti birtist á ýmsa vegu og má þar nefna helst þrjú atriði. Í fyrsta lagi hefur félagslegt ójafnrétti verið ástæða ofneyslu í nútímasamfélagi, í öðru lagi geta loftslagsbreytingar haft verri áhrif á þau sem eru í viðkvæmari félagslegri stöðu og í þriðja lagi geta aðgerðirnar til að sporna við loftslagsbreytingum haft verri áhrif á þau sem eru í verri félagslegri stöðu. Þetta sýnir mikilvægi þess að jöfnuður sé hafður að leiðarljósi þegar áhrif aðgerða í loftslagsmálum eru metin og þar hefur hugtakið réttlát umskipti komið fram (Sigríður Ingibjörg Ingadóttir o.fl., 2021). Þau vísa til þess að

skref okkar í átt að kolefnishlutlausu hagkerfi verð að vera byggð á jafnrétti. Styrkurinn liggur einnig í því að bæta ofan á þá þekkingu sem náttúruvísindin hafa nú þegar sett fram, sem gerir misrétti í framkvæmdum aðgerða og stjórn málaátaka í kjölfar þeirra ólíklegri (Islam og Kieu, 2021). Ólíklegra er að samfélagsleg vandamál spretti upp ef þverfaglegar rannsóknir eru notaðar til að skilja og takast á við þær loftslagsbreytingar sem við stöndum frammi fyrir. Markviss stefnumótun um jafnrétti allra innan samfélaga er þar lykilatriði og með því er hægt að búa til samfélagslega sátt um aðgerðir í loftslagsmálum. Þar er fyrsta skrefið að skoða viðhorf almennings til loftslagsbreytinga, en fræðafólk hefur sýnt að slík viðhorf hafa áhrif á aðgerðir innan samfélaga (Burstein, 2003). Við byrjum á að skoða viðhorf í víðu samhengi hér á landi og má sjá áhugaverða breytingu þar sem herra hlutfall Íslendinga telur að umhverfismál séu mikilvægasta eða næstmikilvægasta málefnið í íslensku samfélagi, eins og sést á **Mynd 1.1**. Á myndinni er búið að setja saman þau sem völdu visst málefni sem mikilvægast eða næstmikilvægast og er myndinni raðað upp út frá prósentutölum fyrir árið 2020, sú hæsta til vinstri.

Mynd 1.1 Hvað finnst Íslendingum mikilvægasta og næstmikilvægasta málefnið?



Mynd 1.1 sýnir að umhverfismál hafa fengið aukið rými í almennri umræðu og hækka hlutfall þeirra sem telja umhverfismál vera annaðhvort mikilvægasta eða næstmikilvægasta málefnið á Íslandi milli 2010 og 2020. Árið 2010 töldu 17% umhverfismál vera mikilvægasta eða næstmikilvægasta málefnið en það hlutfall var um 25% árið 2020. Þessa hækkun er mikilvægt að skoða, þá sérstaklega með áherslu


á umhverfismál annars vegar og loftslagsmál hins vegar til að sjá hvar viðhorfsbreytingar urðu, eins og gert verður í þessari skýrslu.

Skýrslan er sett upp í þrjú kafla. Við byrjum á að kynna viðhorf til loftslagsbreytinga (2. kafli) og förum svo yfir í almennari viðhorf til umhverfisins (3. kafli). Í kjölfarið sýnum við aðhvarfsgreiningar þar sem við skoðum hvort munur er á viðhorfum á milli hópa út frá kyni, menntun, aldri og búsetu (4. kafli). Skýrslan gefur því ákveðna heildarmynd af viðhorfum Íslendinga til loftslagsbreytinga og umhverfismála, hvort þau hafa breyst yfir 10 ára tímabil og hvort munur er á viðhorfum milli hópa í samfélaginu sem endurspeglar lagskiptingu samfélagsins að einhverju leyti.

2 Loftslagsviðhorf


Í sögulegu samhengi eiga viðhorf til umhverfismála sér lengri sögu en viðhorf til loftslagsbreytinga, en rannsóknir eins og sú sem hér er til umfjöllunar endurspeglar auknar áhyggjur af loftslagsbreytingum og þeirri ógn sem af þeim stafar. Margar spurningar sem tengjast loftslagsbreytingum voru nýjar í könnuninni árið 2020, sem gerir að verkum að ekki er um samanburð að ræða milli 2010 og 2020 nema í einu tilfelli (sjá Mynd 2.3). Í kaflanum er farið yfir það hvað Íslendingar telja að loftslagsbreytingar séu. Síðan er skoðað hvaða umhverfisvandamál Íslendingar telja vera stærsta vandamálið hér á landi og hvernig þau viðhorf hafa þróast. Í framhaldi af því eru þau áhrif sem einstaklingar telja að loftslagsbreytingar muni hafa á Íslandi og á allan heiminn skoðuð. Að lokum er rýnt í það hvað Íslendingar telja að gerist ef Ísland grípur til aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Mynd 2.1 Trúa Íslendingar að loftslagsbreytingar eigi sér stað?




Mynd 2.1 sýnir skýrt að mikill samhugur er um það að loftslagsbreytingar séu af mannavöldum; tæplega 60% telja þær vera aðallega af mannavöldum og ríflega 35% telja að þær séu bæði af mannavöldum og náttúrulegum orsökum. Um 5% telja að þær séu einkum vegna náttúrulegra orsaka og varla neinn telur að loftslag heimsins sé ekki að breytast (0,3%).

Mynd 2.2 Telja Íslendingar að loftslagsbreytingar séu vandamál?




Mynd 2.2 varpar skýrara ljósi á viðhorf Íslendinga og það almenna álit að loftslagsbreytingar séu vandamál. Tæplega 86% telja að þær eigi sér stað og séu vandamál en einungis 1% telur að þær séu ekki að eiga sér stað. Þó telja rúmlega 13% Íslendinga að loftslagsbreytingar eigi sér stað en séu ekki vandamál. Til að rýna enn betur í það hversu alvarlegar Íslendingar telja loftslagsbreytingar vera var skoðað hvaða málefni þeir töldu vera stærsta vandamálið með samanburði á árunum 2010 og 2020 í Mynd 2.3.

Mynd 2.3 Hvaða vandamál er talið stærsta umhverfisvandamálið á Íslandi?




Mynd 2.3 sýnir að mun hærra hlutfall fólks telur loftslagsbreytingar vera vandamál og hafa þær tekið við af ofnýtingu auðlinda sem stærsta umhverfisvandamálið í hugum fólks. Árið 2010 töldu 13% loftslagsbreytingar vera stærsta umhverfisvandamálið en sú tala hafði hækkað í um 43% árið 2020. Önnur breyting sem vert er að skoða er að árið 2010 töldu rúmlega 33% að ofnýting auðlinda væri stærsta umhverfisvandamálið en árið 2020 voru það einungis tæp 14%. Viðhorf til annarra umhverfisvandamála hafa ekki breyst mikið á þessu tímabili. Einstaklingar hér á landi virðast því átta sig á þeim loftslagsbreytingum sem við stöndum frammi fyrir en áhugavert er í framhaldinu að skoða hvort þeir telja einhverja ógn standa af því.

Mynd 2.4 Hversu slæm eða góð áhrif munu loftslagsbreytingar hafa?




Mynd 2.4 sýnir að hvaða leyti Íslendingar telja að loftslagsbreytingar muni hafa gífurlega góð eða gífurlega slæm áhrif hér á landi sem og í heiminum. Mynstrið er að einstaklingar telja að íslenskt samfélag sé í minni hættu en heimurinn í heild, þó að fólk telji að áhrifin verði að einhverju leyti einnig slæm hér. Spurningar vakna samhliða þessu um hvort fólk telur þá einnig ábyrgðina liggja annars staðar eða hvort það áttar sig á þeirri ábyrgð sem hvert og eitt samfélag ber til að sporna við loftslagsbreytingum. **Mynd 2.5** sýnir að hvaða marki einstaklingar finna fyrir persónulegri ábyrgð á að draga úr loftslagsbreytingum.

Mynd 2.5 Hversu mikla ábyrgð bera einstaklingar á því að draga úr loftslagsbreytingum?




Mynd 2.5 sýnir að Íslendingar telja að við séum öll í ákveðinni ábyrgðarstöðu til að sporna við þeim breytingum á loftslaginu sem eiga sér stað. Þar má sjá að fleiri einstaklingar raðast hægra megin á myndinni, sem bendir til þess að margir telji okkur bera mjög mikla eða mikla ábyrgð sem samfélag. Má t.d. sjá að um 77% merktu við 5 eða hærra þegar þau voru spurð um ábyrgð okkar á að sporna gegn loftslagsbreytingum. Það er því ljóst að fólk áttar sig á að við berum öll ábyrgð, en þá er áhugavert að skoða hvaða aðgerðir í umhverfismálum það myndi styðja.

Mynd 2.6 Hlutfall þeirra sem væru fylgjandi eða mjög fylgjandi því að innleiða eftirfarandi stefnu í umhverfismálum (þau sem merktu við 7 eða hærra á kvarðanum 1–10)



Mynd 2.6 sýnir að Íslendingar eru fylgjandi því að innleiða einhverja stefnu í umhverfismálum. Um 70% myndu styðja það að aðstoða og endurmennta fólk sem missir vinnuna vegna ákvarðana stjórnvalda í umhverfismálum. Þessi spurning er frumraun þeirra sem settu saman spurningalistann í að reyna að mæla réttlát umskipti í víðum skilningi, sem vísa til þess að skref okkar í átt að grænna samfélagi verði að vera byggt á jafnrétti (Sigríður Ingibjörg Ingadóttir o.fl., 2021). Flestir virðast líka styðja innleiðingu styrkja með opinberri fjármögnun í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, eða um 69%. Að lokum eru fæstir fylgjandi því að hækka skatta á notkun jarðefnaeldsneytis, eða um 43%. Í framhaldi af því er mikilvægt að skoða hvaða áhrif einstaklingar telja að þessar aðgerðir muni hafa á íslenskt samfélag.

Mynd 2.7 Afleiðingar aðgerða í loftslagsmálum á eigið líf og íslenskt samfélag




Mynd 2.7 sýnir að mikill meirihluti Íslendinga telur að aðgerðir í loftslagsmálum muni hafa fleiri jákvæðar afleiðingar en neikvæðar, hvort sem það er á þeirra eigið líf eða íslenskt samfélag. Íslendingar telja að það muni skapa komandi kynslóðum betra líf (rúmlega 81%) og stuðla að bættri heilsu fólks (um 80%), en verulegur hluti telur einnig að þær muni stuðla að því að mörgum plöntu- og dýrategundum verði bjargað frá útdauða (um 64%). Á móti kemur að einhverjir telja að aðgerðir í loftslagsmálum muni leiða til hærra orkuverðs (um 35%), auka framfærslukostnað á Íslandi (um 28%), valda því að störf tapist og efnahagslífið skaðist (rúmlega 12%) eða stofni þeirra eigin atvinnu í hættu (rúmlega 8%).

3 Umhverfisviðhorf


Í þessum kafla er áherslan á að skoða umhverfisviðhorf Íslendinga í stærra samhengi. Kaflinn byrjar á spurningu um umhverfisviðhorf almennt. Í framhaldinu verður farið í sértækari spurningar um hvað það er nákvæmlega sem fólk telur að gæti skaðað umhverfið og hvað það telur að skaði umhverfið í sínu nærumhverfi. Næst er farið yfir viðhorf til stóriðju, samspil náttúruverndarsvæða og áherslu á efnahagsþróun, ásamt almenningsáliti þess að breyta miðhálandinu í þjóðgarð. Þá er farið yfir hvað fólk er að gera til að vernda umhverfið, sem og hvað það telur að fólkið í kringum sig sé að gera til að vernda umhverfið. Að lokum reynum við að skilja vilja einstaklinga til að fórna eigin tekjum, hækka skatta eða setta sig við skerðingu á lífskjörum sínum til að vernda umhverfið.

Mynd 3.1 Höfum við áhyggjur af umhverfismálum?



Mynd 3.1 sýnir að áhyggjur Íslendinga af umhverfismálum hafa aukist töluvert frá 2010 til 2020 og hlutfall þeirra sem hafa alls engar eða engar áhyggjur lækkar. Þeim sem leiða ekki hugann að þessu viðfangsefni, eru „hvorki-né“ (3), hefur fækkað um nær 10%, úr tæpum 34% í 24%. Einkum hefur fólki sem hefur „mjög miklar áhyggjur“ fjölgað mjög, hlutfall þess hefur næstum tvöfaldast, úr tæpum 17% í tæpt 31%. Þannig hefur næstum þriðjungur þjóðarinnar mjög miklar áhyggjur af umhverfismálum og rúmur þriðjungur hefur miklar áhyggjur. Það er því ljóst að fólk sem hefur áhyggjur af umhverfismálum eru rúmlega 64% þjóðarinnar árið 2020 og hefur því fjölgað úr rúmlega 47%, þannig að hækkun þess hlutfalls er um 17 prósentustig milli 2010 og 2020.

Mynd 3.2 Hvað telja Íslendingar um fullyrðingar um umhverfismál?



Mynd 3.2 sýnir að Íslendingar átta sig nú betur á að fullyrðingar um umhverfisógnir eru ekki ýktar; tæplega 40% Íslendinga töldu árið 2010 að þær væru ýktar en talan var rúmlega 22% árið 2020. Að sama skapi er ekki alveg jafn mikil trú á því núna að nútímavísindi muni leysa umhverfisvandamál, en um 20% einstaklinga töldu það árið 2010 samanborið við um 14% árið 2020. Áhyggjur af umhverfinu virðast því vera að aukast, en hvað er það þá sem fólk telur að sé skaðlegt umhverfinu?


Tafla 3.3 Hlutfall þeirra sem telja eftirfarandi vera ákaflega skaðleg eða mjög skaðleg umhverfinu

	2010	2020
Loftmengun frá iðnaði	57,6	68,4
Kjarnorkuver	76,3	66,7
Hækkun á hitastigi í heiminum vegna loftslagsbreytinga	40,0	66,5
Kemísk efni og eitrefni sem notuð eru í landbúnaði	47,0	57,0
Loftmengun frá bílum	52,1	49,8
Mengun í ám, stöðuvötnum og lækjum	34,6	42,2
Breyta erfðum tiltekinna nytjaplanta	34,3	26,1

Tafla 3.3 sýnir skýrt að mesta hækkunin á milli 2010 og 2020 er hjá þeim sem telja hækkun á hitastigi í heiminum vera ákaflega skaðlega eða mjög skaðlega. Efst í töflunni er sá flokkur sem skoraði hæst árið 2020, en það er loftmengun frá iðnaði sem er talin skaðlegust og hefur hækkað frá 2010; þá voru það rúmlega 57% sem sögðu hana skaðlega en um 68% árið 2020. Viðhorf til kjarnorkuvera eru sú að þau eru enn talin skaðleg, var um 76% árið 2010 en tæplega 67% árið 2020. Árið 2010 sögðu 40% að

hækkun á hitastigi jarðar væri ákaflega skaðleg eða mjög skaðleg umhverfinu en 2020 var það hlutfall 66,5%. Hlutfall þeirra sem telja að kemísk efni og eiturefni sem notuð eru í landbúnaði séu skaðleg fór upp um 10 prósentustig á þessum áratug, úr 47% í 57%. Viðhorf til loftmengunar frá bílum lækka lítillega á tímabilinu og mengun í ám, stöðuvötnum og lækjum hækkar aðeins. Örlítið lægra hlutfall taldi það skaðlegt árið 2020 að breyta erfðum tiltekinna plantna en árið 2010. Það er því ljóst að það er margt sem fólk telur skaðlegt fyrir umhverfið, en skynjar það þessa ógn í nærumhverfi sínu?

Mynd 3.4 Hvað telja Íslendingar að hafi haft áhrif á nærumhverfi sitt á undanförunum 12 mánuðum?



Í **Mynd 3.4** eru tilgreind þrenns konar áhrif á nærumhverfi sem fólk var beðið að taka afstöðu til árið 2020, með tilliti til síðustu 12 mánaða: öfgakennd veðurskilyrði, vatnsmengun og loftmengun. Þar er það mengun vatns sem fæstir hafa áhyggjur af, en nærri 90% segja að hún hafi engin eða lítil áhrif haft á sitt nærumhverfi. Þegar kemur að öfgum í veðri, sem Íslendingar eru ekki óvanir að fást við, segja rúm 58% að slíkt hafi engin eða mjög lítil áhrif haft á nærumhverfið; tæp 32% segja þau áhrif einhver og 9,5% að öfgakennt veður hafi haft mikil eða mjög mikil áhrif á síðustu 12 mánuðum. Að lokum er það spurningin um loftmengun sem sýnir nokkuð athyglisverðar niðurstöður, en tæp 35% segja að hún hafi haft einhver áhrif á nærumhverfi sitt, rétt rúm 9% að áhrifin séu mikil og rétt rúm 56% að þau séu engin eða mjög lítil. Það að tæp 44% Íslendinga segi að loftmengun hafi haft einhver og jafnvel mikil áhrif á nærumhverfi sitt er atriði sem þyrfti að skoða betur.


Oft hefur tíðkast að setja efnahagsframfarir og umhverfisvernd upp sem andstæða póla (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl. 2020) og við skoðum hvort breytingar hafa orðið á því hvernig Íslendingar meta þessi tvö málefni á tíu árum.

Tafla 3.5 Verndun umhverfisins á kostnað einhvers annars? (hlutfall þeirra sem eru sammála eftirfarandi fullyrðingum)

	2010	2020
Hagvöxtur er forsenda þess að unnt sé að vernda umhverfið á Íslandi	41,8	26,0
Við höfum of miklar áhyggjur af framtíð umhverfisins þessa dagana en ekki nægar af verðlagi og atvinnu	33,9	23,5
Fólk hefur of miklar áhyggjur af því að mannlegar framfarir skaði umhverfið	28,7	22,3
Hagvöxtur er alltaf skaðlegur umhverfinu	6,1	11,2


Í **Töflu 3.5** eru tvær fullyrðingar um áhyggjur fólks af umhverfinu, verðlagi, atvinnu og framförum annars vegar, og hins vegar tvær sem fjalla um hugmyndir fólks um hagvöxt og umhverfi. Þegar hagvexti er teft gegn umhverfisvernd á Íslandi er athyglisvert að þeim fækkar töluvert sem telja hagvöxt forsendu fyrir því að hægt sé að vernda umhverfið, fara úr tæpum 42% árið 2010 niður í 26% 2020, sem er fækkun um 16 prósentustig. Þeim fækkar lítillega milli 2010 og 2020 sem telja að fólk hafi of miklar áhyggjur af umhverfinu en of litlar af verðlagi og atvinnu, eða um u.þ.b. 10 prósentustig. Einnig fækkar þeim nokkuð sem telja að áhyggjur okkar af því að framfarir skaði umhverfið séu of miklar, sem má túlka þannig að fleiri hafi áhyggjur af því að framfarir verði einmitt á kostnað umhverfisins. Og síðast en ekki síst er áhugaverð sú fjölgun sem verður í hópi þeirra sem telja hagvöxt alltaf skaðlegan fyrir umhverfið, þótt sú skoðun sé alls ekki útbreidd meðal landsmanna, en rétt rúm 6% héldu því fram árið 2010 og rúmlega 11% árið 2020. Í framhaldi af þessu er áhugavert að skoða hvort fólk vill samþykkja að náttúruverndarsvæði hérlendis verði minnkuð til að ýta undir efnahagsþróun.

Mynd 3.6 Hversu fúsir eru einstaklingar að samþykkja að náttúruverndarsvæði Íslands yrðu minnkuð til þess að stuðla að efnahagsþróun?




Mynd 3.6 sýnir að Íslendingar eru ekki mjög hlynntir því að nota náttúru Íslands til að stuðla að efnahagsþróun; aðeins um 4% eru mjög fús að samþykkja það en tæplega 38% eru mjög ófús og tæplega 29% eru nokkuð ófús. Íslendingar virðast greinilega frekar vilja vernda íslenska náttúru en auka hagvöxt, eins og áður hefur komið fram. Sama samband má sjá um viðhorf fólks til orkufrekrar stóriðju í **Mynd 3.7**.

Mynd 3.7. Finnst þér að ríkisstjórnin ætti að leggja mikla, nokkra eða litla áherslu á orkufreka stóriðju?




Mynd 3.7 sýnir svipaðar niðurstöður og Mynd 3.3, þar sem ekki er mikill stuðningur við orkufreka stóriðju hér á landi og aðeins 6% vilja leggja mjög mikla áherslu á orkufreka stóriðju. Að sama skapi eru um 29% sem vilja leggja mjög litla eða enga áherslu á hana og um 34% vilja leggja frekar litla áherslu á orkufreka stóriðju. Þetta mynstur er ekki nýtt af nálinni héraendis, en rannsóknir hafa skoðað hvernig Íslendingar velja á milli efnahags- og umhverfismála (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl., 2021). Frá 1987 til 2017 vildu Íslendingar með tímanum leggja mun meiri áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt með einni undantekningu, en það var árið 2009 – stuttu eftir kreppuna. Því virðist sem umræðan á Íslandi sé að mestu leyti sú að einstaklingar vilji leggja áherslu á umhverfismál ef kostur er en þegar þeir telja mikilvægt að auka hagvöxt í samfélaginu virðast umhverfismálin ekki vera eins mikilvæg. Nátengt þessu er hægt að skoða viðhorf til þess hvort gera eigi miðhálendi Íslands að þjóðgarði, en áhugavert er að sjá að einungis minnihluti, eða minna en 30%, er andvígur því.

Mynd 3.8 Vilja Íslendingar gera miðhálendið að þjóðgarði (sem eru friðuð svæði t.d. fyrir virkjunum)?



Mynd 3.8 sýnir hversu sammála eða ósammála fólk er áformum að gera miðhálendið að þjóðgarði. Þar má sjá að 30,9% eru mjög sammála þeirri fullyrðingu að gera eigi miðhálendið að þjóðgarði og tæplega 22% eru frekar sammála þessari fullyrðingu. Að sama skapi eru um 16% einstaklinga mjög ósammála þeirri fullyrðingu að gera eigi miðhálendið að þjóðgarði og rúmlega 12% frekar ósammála. Það virðist því vera mynstrið að einstaklingar myndu setja umhverfismál í forgang fram yfir hagvöxt eða efnahagsþróun. Í framhaldinu er tilvalið að skoða hve mikið fólk er tilbúið að leggja á sig til að draga úr loftslagsbreytingum.


Mynd 3.9 Hlutfall þeirra sem telja að a) þau sjálf og b) fjölskylda og vinir þeirra hafi breytt hegðun sinni mjög mikið eða mikið¹



Mynd 3.9 sýnir að fólk telur sig almennt hafa breytt hegðun sinni meira en fjölskylda þess og vinir. Sorpflokkun er það sem flestir stunda til að minnka áhrif loftslagsbreytinga, þar sem 75% segjast hafa breytt hegðun sinni mikið eða mjög mikið, en aðeins rúmlega 61% telur fjölskyldu og vini sína hafa breytt hegðun sinni. Næst kemur sú aðgerð að minnka notkun á einnota plasti/plastumbúðum, þar sem tæplega 59% segjast hafa breytt hegðun sinni mikið eða mjög mikið í þá átt, samanborið við einungis tæplega 47% þegar kemur að fjölskyldu og vinum. Kaup á staðbundnum matvælum, þ.e. að velja innlend fram yfir erlend, eru líka meðal vinsælla aðgerða; tæp 53% aðspurðra segjast hafa breytt hegðun sinni í átt að því að velja innlend matvæli í miklum eða mjög miklum mæli en aðeins rúmlega 34% þeirra segja að fjölskylda og vinir sínir hafi gert slíkt hið saman. Almennt segjast um 48% landsmanna, eða næstum helmingur, hafa breytt hegðun sinni mikið eða mjög mikið í viðleitni sinni að draga úr áhrifum af völdum loftslagsbreytinga á sem flestum sviðum, en rúmlega 32% telja að fjölskylda og vinir hafi gert slíkt hið sama. Um fjórðungur, tæp 24%, hefur minnkað notkun á einkabíl sínum en aðeins tæp 9% telja fjölskyldu og vini sína hafa gert það. Fæstir segjast hafa minnkað neyslu á dýraafurðum; einungis um 15% hafa gert það sjálf en um 10% segja að fjölskylda og vinir þeirra hafi gert það. Að lokum skoðum við stærrí myndina um hvað fólk er tilbúið að leggja á sig, með því að skoða hvort fólk er tilbúið að taka á sig efnahagslegar skuldbindingar eða lakari lífskjör.

¹ Upphafleg spurning: Hversu mikið, ef eitthvað, telur þú að þeir sem þú umgengst mest í þínu daglega lífi (fjölskylda, vinir) hafi breytt hegðun sinni til að draga úr áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér?

Mynd 3.10 Hversu miklu vill fólk fórna fyrir umhverfið?



Mynd 3.10 sýnir að Íslendingar höfðu ríkari vilja árið 2020 en þeir höfðu árið 2010 til að greiða miklu hærra verð og miklu hærri skatta og/eða sætta sig við skerðingu á lífskjörum til að vernda umhverfið. Hlutfall þeirra sem voru tilbúin að greiða miklu hærra verð fór úr rúmlega 25% árið 2010 í um 44% árið 2020 og þau sem voru tilbúin að greiða miklu hærri skatta fóru úr 18% í um 28%. Að sama skapi voru tæplega 24% tilbúin að sætta sig við skerðingu á lífskjörum sínum til þess að vernda umhverfið árið 2010 en tæp 38% voru tilbúin til þess árið 2020, sem segja má að sé athyglisverð aukning, um tæp 14 prósentustig.

4 Er hópamunur á viðhorfum?

4.1 Aðferðir og gögn

Lýsandi tölfraði fyrir allar breyturnar úr kafla 2 og 3 sýndi mjög áhugaverða þróun, en til að skoða hvort munur er á milli hópa hér á landi þegar kemur að umhverfisviðhorfum er hægt að skoða aðhvarfsgreiningar fyrir allar spurningarnar. Við gerum það með tvíkosta aðhvarfsgreiningu og skoðum sérstaklega hvort eftirfarandi breytur hafi áhrif: kyn, menntun (háskólapróf eða án háskólaprófs), aldur og búseta (höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðunum). Við sýnum niðurstöður fyrir allar breytur en tókum svo saman heildarniðurstöður um hópamun í lokin. Notast var við tölfraðiforritið STATA við úrvinnslu gagna og var tvíkosta aðhvarfsgreining notuð fyrir gögnin frá 2020.

Tafla 4.1 Lýsandi tölfræði fyrir frumbreyturnar sem notaðar voru í aðhvarfsgreiningunum

	Meðaltal	Staðalfrávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Fjöldi svara
Kona	0,535	0,499	0	1	1.150
Háskólagráða	0,410	0,492	0	1	1.006
Aldur	50,632	17,135	18	91	1.150
Höfuðborgarsvæði	0,672	0,470	0	1	1.007

Tafla 4.1 sýnir að breyturnar sem unnið var með ríma ágætlega við opinberar tölur um íslensku þjóðina en þó ekki að öllu leyti og voru gögnin því vigtuð til að endurspegla þær bakgrunnsbreytur sem við vorum að vinna með. Samkvæmt Hagstofunni voru konur 49% af þjóðinni (Hagstofa Íslands, 2020b), samanborið við 53,5% af svarendum okkar. Þá voru 35,8% þjóðarinnar var með háskólagráðu (18 ára og eldri) árið 2020 (Hagstofa Íslands, 2020a), samanborið við 41% í gögnunum. Tölfræðiforritið SPSS var notað til að vigta gögnin út frá kyni, menntun, aldri og búsetu með Raking-aðferðinni og ættu niðurstöðurnar því að endurspegla íslensku þjóðina. Kafli 4.2 inniheldur allar aðhvarfsgreiningar fyrir viðhorf til loftslagsbreytinga (úr kafla 2) og kafli 4.3 inniheldur allar aðhvarfsgreiningar fyrir viðhorf til umhverfisins (úr kafla 3). Aðhvarfsgreiningarnar eru í þeirri röð sem lýsandi tölfræðin var sett fram í köflum 2 og 3.

4.2 Viðhorf til loftslagsbreytinga

Tafla 4.2 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar fyrir trú Íslendinga á loftslagsbreytingar

	Umhverfis- mál mikil- vægasta málefnið ²	Trú að loftslags- breytingar séu af manna- völdum ³	Loftslags- breytingar eru vandamál ⁴	Loftslagsb- reytingar stærsta umhverfis- vandamálið ⁵
Konur	0,442	0,304	0,269	-0,376
Háskólagráða	0,897*	0,231	0,504	0,748*
Aldur	0,001	-0,301*	-0,015	0,001
Höfuðborgarsvæði	-0,083	0,131	0,525	0,149
Skurðpunktur	-1,589*	1,832*	2,260*	-0,559

* p < 0,05

Tafla 4.2 sýnir að þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að telja umhverfismál vera mikilvægasta eða næstmikilvægasta málefnið á Íslandi í dag og líklegri til að telja loftslagsbreytingar vera stærsta umhverfisvandamálið. Þau sem eru eldri eru síður líkleg til að trúa að loftslagsbreytingar séu einungis af mannavöldum.

Tafla 4.3 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um áhrif og ábyrgð á loftslagsbreytingum⁶

	Áhrif á heiminn allan	Áhrif á Íslandi	Persónuleg ábyrgð
Konur	0,804*	0,512	0,375
Háskólagráða	0,451	0,292	0,944*
Aldur	-0,027*	-0,028*	-0,027*
Höfuðborgarsvæði	-0,284	-0,346	0,342
Skurðpunktur	2,545*	2,027*	1,170*

* p < 0,05

² Breytan var kóðuð sem þau sem merktu við umhverfismál sem mikilvægasta málefnið fengu gildið 1 og næstmikilvægasta málefnið fengu líka gildið 1 og þær spurningar síðan reiknaðar saman, öll önnur málefni en loftslagsbreytingar fengu gildið 0

³ Breytan var kóðuð sem þau sem telja að loftslagsbreytingar eigi sér stað og séu aðallega af mannavöldum fékk gildið 1

⁴ Breytan var kóðuð sem þau sem telja loftslagsbreytingar eigi sér stað og telja þær vera vandamál fengu gildið 1

⁵ Breytan var kóðuð sem þau sem telja loftslagsbreytingar vera stærsta umhverfismálið fengu gildið 1, önnur málefni fengu gildið 0

⁶ Breyturnar um áhrif á heiminn allan og á Íslandi voru kóðaðar sem allir sem voru með 4 eða lægra gildi á skala frá 1-10 fengu gildið 1, þar sem 0 valmöguleikinn var að áhrifin myndu verða gífurlega slæm. Breytan um persónulega ábyrgð var endurkóðuð og valmöguleikar 6 og hærra á kvarðanum 1-10 fengu gildið 1 þar sem 10 valmöguleikinn var að einstaklingurinn telur sig hafa mjög mikla ábyrgð á því að draga úr loftslagsbreytingum

Tafla 4.3 sýnir að konur eru líklegri til að telja að loftslagsbreytingar hafi mikil áhrif á Íslandi. Þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að taka persónulega ábyrgð á að sporna við loftslagsbreytingum. Þau sem eru eldri eru síður líkleg til að telja að loftslagsbreytingar hafi mikil áhrif á heiminn og á Íslandi og þau eru einnig síður líkleg til að taka persónulega ábyrgð á að sporna við loftslagsbreytingum.

Tafla 4.4 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um stuðning einstaklinga við að innleiða eftirfarandi stefnu í umhverfismálum⁷

	Réttlát umskipti	Styrkja með opinberri fjármögnun endurnýjanlega orkugjafa	Hækka skatta á notkun jarðefnaeldsneytis
Konur	0,320	0,710	0,309
Háskólagráða	0,460	0,115	0,390
Aldur	0,005	-0,010	-0,012
Höfuðborgarsvæði	0,592	-0,162	0,871*
Skurðpunktur	0,500	1,434*	0,822

* $p < 0,05$

Tafla 4.4 sýnir að þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að vilja hækka skatta á notkun jarðefnaeldsneytis.

Tafla 4.5 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um afleiðingar aðgerða í loftslagsmálum á eigið líf og íslenskt samfélag (jákvæð áhrif á íslenskt samfélag)⁸

	Skapa komandi kynslóðum betra líf	Stuðla að bættari heilsu fólks	Plöntu- og dýrategundum bjargað frá útdauða
Konur	0,092	0,282	0,153
Háskólagráða	0,985*	-0,181	-0,394
Aldur	-0,009	-0,002	-0,003
Höfuðborgarsvæði	-0,016	0,149	0,087
Skurðpunktur	1,813*	1,499*	1,159*

* $p < 0,05$

⁷ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikar 6 og hærra á kvarðanum 1-10 fengu gildið 1, þar sem valmöguleikinn 10 var „mjög fylgjandi“

⁸ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „mjög sammála“ og „sammála“ fengu gildið 1.

Tafla 4.5 sýnir að þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að telja að aðgerðir í loftslagsmálum muni skapa komandi kynslóðum betra líf.

Tafla 4.6 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um afleiðingar aðgerða í loftslagsmálum á eigið líf og íslenskt samfélag (neikvæð áhrif á íslenskt samfélag)⁹

	Leiða til hærra orkuverðs	Auka framfær slukostn að	Valda því að störf tapist og efnahagslí fið skaðist	Stofna minni eigin atvinnu í hættu
Konur	-0,322	-0,257	0,010	-0,360
Háskólagráða	0,281	0,212	0,310	0,766*
Aldur	0,005	0,003	0,002	-0,003
Höfuðborgarsvæði	0,136	0,751	0,082	-0,646
Skurðpunktur	-1,502*	-2,017	0,071	1,100

* $p < 0,05$

Tafla 4.6 sýnir að þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að telja að aðgerðir í loftslagsmálum muni stofna þeirra eigin atvinnu í hættu.

4.3 Viðhorf til umhverfismála

Tafla 4.7 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um umhverfisáhyggjur¹⁰

	Áhyggjur af umhverfinu	Margar fullyrðingar eru ýktar	Nútímavísindin munu leysa vandamál okkar
Konur	0,575*	-1,279*	-1,888*
Háskólagráða	-0,106	0,243	-0,059
Aldur	-0,029*	0,023*	0,004
Höfuðborgarsvæði	0,449	-0,704	0,545
Skurðpunktur	0,306*	-1,640*	-1,700

* $p < 0,05$

Tafla 4.7 sýnir að konur eru líklegri til að hafa áhyggjur af umhverfinu, ólíklegri til að telja margar fullyrðingar um umhverfismál vera ýktar og ólíklegri til að telja að nútímavísindin muni leysa öll

⁹ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „mjög sammála“ og „sammála“ fengu gildið 1.

¹⁰ Breytan var endurkóðuð og þeir sem voru með gildið 4 og 5 fengu gildið 1, þar sem 5 var „mjög miklar áhyggjur“. Breytan um að umhverfisógnir væru margar hverjar ýktar fullyrðingar var endurkóðuð sem þeir sem svöruðu „mjög sammála“ og „sammála“ fengu gildið 1. Breytan um að nútímavísindin munu leysa umhverfisvandamál okkar var endurkóðuð sem þeir sem voru „mjög sammála“ og „sammála“ fullyrðingunni fengu gildið 1

vandamál okkar tengd loftslagsbreytingum. Þau sem eru eldri eru ólíklegri til að hafa áhyggjur af umhverfinu og líklegri til að telja að margar fullyrðingar um umhverfismál séu ýktar.

Tafla 4.8. Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um hvað Íslendingar telja skaðlegt umhverfinu¹¹

	Loftmengun frá iðnaði	Kjarnorkuver	Hækkun á hitastigi	Kemísk efni og eiturefni	Loftmengun frá bílum	Mengun í ám	Breyta erfðum tiltekinna plantna
Konur	0,422	1,182*	0,433	0,578	0,474	0,585	1,281*
Háskólagráða	0,188	-0,801*	0,500	0,039	0,531	-0,082	-0,146
Aldur	-0,031*	-0,010	-0,021*	-0,010	-0,020*	-0,032*	-0,000
Höfuðborgarsvæði	-0,238	-0,088*	0,471	0,437	0,004	0,019	0,291
Skurðpunktur	2,462*	0,450	1,168*	0,227	0,763	1,170*	-1,808*

* p < 0,05

Tafla 4.8 sýnir að konur eru líklegri til að telja að kjarnorkuver séu skaðleg umhverfinu og einnig líklegri til að telja að breyting á erfðum tiltekinna plantna sé skaðleg umhverfinu. Þau sem eru með háskólagráðu eru ólíklegri til að telja að kjarnorkuver séu skaðleg umhverfinu. Þau sem eru eldri eru ólíklegri til að telja loftmengun frá iðnaði, hækkun á hitastigi jarðar vegna loftslagsbreytinga, loftmengun frá bílum og mengun í ám, stöðuvötnum og lækjum á Íslandi hafi skaðleg áhrif á umhverfið. Að lokum eru þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu ólíklegri til að telja að kjarnorkuver séu skaðleg umhverfinu.

Tafla 4.9 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um áhrif á nærumhverfi einstaklinga¹²

	Öfgakennd veðurskilyrði	Vatnsmengun	Loftmengun
Konur	0,133	0,022	0,977*
Háskólagráða	0,110	-0,673	0,094
Aldur	-0,025*	-0,028*	-0,014
Höfuðborgarsvæðið	-0,070	1,067	1,473*
Skurðpunktur	0,959	-1,411	-1,210*

* p < 0,05

¹¹ Breytan var endurkóðuð sem þeir sem sögðu að þetta væri “ákaflega skaðlegt umhverfinu” og “mjög skaðlegt umhverfinu” fengu gildið 1

¹² Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „einhver“, „mikil“ og „mjög mikil“ fengu gildið 1.

Tafla 4.9 sýnir að konur eru líklegri til að telja að loftmengun hafi haft áhrif á nærumhverfi þeirra á síðustu 12 mánuðum. Þau sem eru eldri eru ólíklegri til að telja að öfgakennd veðurskilyrði og vatnsmengun hafi haft áhrif á nærumhverfi þeirra á síðustu 12 mánuðum. Þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að telja að loftmengun hafi haft áhrif á nærumhverfi þeirra á síðustu 12 mánuðum.

Tafla 4.10 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um umhverfisviðhorf og viðhorf til hagvaxtar¹³

	Hagvöxtur er forsenda þess að vernda umhverfið	Við höfum of miklar áhyggjur af framtíð umhverfisins þessa dagana en ekki nægar af verðlagi og vinnu	Við höfum of miklar áhyggjur af að hagvöxtur hafi skaðleg áhrif á umhverfið	Hagvöxtur er alltaf skaðlegur umhverfinu
Konur	-1,236*	-0,669	-1,539*	-0,317
Háskólagráða	0,538	-0,415	-0,620	-0,725
Aldur	0,014	0,025*	0,004	0,009
Höfuðborgarsvæðið	0,204	-0,041	-0,485	0,828
Skurðpunktur	-1,793*	-2,084*	-0,594	-2,777*

* $p < 0,05$

Tafla 4.10 sýnir að konur eru ólíklegri til að telja að hagvöxtur sé forsenda þess að vernda umhverfið og þær eru einnig ólíklegri til að vera sammála þeirri fullyrðingu að við séum með of miklar áhyggjur af því að hagvöxtur hafi skaðleg áhrif á umhverfið. Í báðum tilfellum eru það því karlar sem vilja frekar leggja áherslu á hagvöxt á kostnað umhverfisins. Þau sem eru eldri eru líklegri til að telja að við séum með of miklar áhyggjur af framtíð umhverfisins þessa dagana en ekki nægar af verðlagi og vinnu.

¹³ Breytan var endurkóðuð og þeir sem voru sammála eftirfarandi fullyrðingum fengu gildið 1.

Tafla 4.11 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um viðhorf til náttúruverndarsvæða, viðhorf til orkufrekrar stóriðju og álit einstaklinga að gera miðhálendið að þjóðgarði¹⁴

	Náttúru- verndar- svæði verði minnkuð	Leggja áherslu á orkufreka stóriðju	Gera miðhálendið að þjóðgarði
Konur	-0,503	-1,111*	0,704*
Háskólagráða	0,281	0,360	-0,144
Aldur	0,016	-0,044*	-0,009
Höfuðborgarsvæðið	0,410	0,332	-0,377
Skurðpunktur	-3,104*	0,875	0,204

* p < 0,05

Tafla 4.11 sýnir að konur eru ólíklegri til að vilja leggja áherslu á orkufreka stóriðju. Hins vegar eru konur líklegri til að vilja gera miðhálendið að þjóðgarði. Þau sem eru eldri eru ólíklegri til að vilja leggja áherslu á orkufreka stóriðju.

Tafla 4.12 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um breytingu á eigin hegðun einstaklinga¹⁵

	Flokkað sorp	Notað minna plast	Valið innlend matvæli	Reynt að vera umhverf -isvæn	Dregið úr notkun einka- bíls	Minnkað neyslu á dýra- afurðum
Konur	0,448	0,750*	0,293	0,362	0,482	0,372
Háskólagráða	0,548	0,745*	-0,066	-0,050	0,165	1,080*
Aldur	0,011	0,003	0,012	0,005	-0,003	-0,018
Höfuðborgarsvæðið	-0,086	-0,114	-0,728*	-0,072	0,037	-0,171
Skurðpunktur	0,340	-0,381	-0,011	-0,312	-1,119*	-1,432*

* p < 0,05

Tafla 4.12 sýnir að konur eru líklegri til að nota minna plast. Þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að nota minna plast og líklegri til að hafa minnkað neyslu sína á dýraafurðum. Að lokum eru þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu ólíklegri til að velja innlend matvæli. Mikilvægt er að minna á að þetta eru tölur um hversu mikið einstaklingar telja sig, ef eitthvað, hafa breytt hegðun sinni til að draga úr

¹⁴ Breytan var endurkóðuð og þeir sem voru sammála eftirfarandi fullyrðingum fengu gildið 1.

¹⁵ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „mjög mikið“ og „mikið“ fengu gildið 1

áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér; þetta er ekki mæling sem mælir nákvæmlega hegðun einstaklinga.

Tafla 4.13 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um breytingu á hegðun hjá fjölskyldu og vinum¹⁶

	Flokkað sorp	Notað minna plast	Valið innlend matvæli	Reynt að vera umhverfi svæn	Dregið úr notkun einkabíls	Minnkað neyslu á dýra- afurðum
Konur	-0,048	0,045	-0,335	-0,093	-0,718	-0,086
Háskólagráða	0,460	0,781*	-0,097	0,179	0,079	0,073
Aldur	-0,000	0,010	0,000	0,008	-0,014	0,006
Höfuðborgarsvæðið	-0,324	0,079	-0,836*	0,078	1,039	1,834*
Skurðpunktur	0,761	-1,117*	0,145	-1,070	-2,433*	-3,954*

* p < 0,05

Tafla 4.13 sýnir að þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að telja að fjölskylda þeirra og vinir hafi minnkað plastnotkun. Þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru ólíklegri til að telja að fjölskylda þeirra og vinir hafi frekar valið innlend matvæli. Þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að telja að fjölskylda þeirra og vinir hafi minnkað neyslu á dýraafurðum samanborið við þau sem búa á landsbyggðinni.

Tafla 4.14 Tvíkosta aðhvarfsgreiningar um fórn einstaklinga fyrir umhverfið¹⁷

	Greiða miklu hærra verð	Greiða miklu hærri skatta	Sætta sig við skerðingu á lífskjörum sínnum
Konur	-0,159	-0,236	0,046
Háskólagráða	0,390	1,081*	0,643*
Aldur	0,004	-0,008	-0,002
Höfuðborgarsvæðið	0,450	0,103	0,023
Skurðpunktur	-0,630	-0,717	-0,560

* p < 0,05

¹⁶ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „mjög mikið“ og „mikið“ fengu gildið 1

¹⁷ Breytan var endurkóðuð og valmöguleikarnir „mjög sammála“ og „sammála“ fengu gildið 1

Tafla 4.14 sýnir að þau sem eru með háskólagráðu eru líklegri til að vilja greiða hærri skatta til að vernda umhverfið og líklegri til að setta sig við skerðingu á lífskjörum sínum til að vernda umhverfið.

4.4 Samantekt á niðurstöðunum

Heildarmynd af niðurstöðunum sýnir að konur voru oftast líklegri til að vilja vernda umhverfið og ólíklegri til að vilja leggja áherslu á hagvöxt eða stóriðju á kostnað umhverfisins, þó að kynjamunur hafi ekki alltaf komið fram. Þau sem voru með háskólagráðu voru líklegri til að átta sig á þeirri ábyrgðarstöðu sem við erum í og mikilvægi umhverfismála í dag þegar spurt var um mismunandi málefni. Þau sem eru yngri virðast átta sig betur á vandanum sem við stöndum frammi fyrir með loftslagsbreytingum og öðrum umhverfisbreytingum. Að lokum voru þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu líklegri til að hafa upplifað loftmengun, að vilja hækka skatta á notkun jarðefnaeldsneytis og að hafa dregið úr neyslu á dýraafurðum en ólíklegri til að velja innlend matvæli.

5 Umræða og næstu skref

Skýrslan er ætluð sem fyrsta skrefið í að skoða viðhorf til umhverfisins og loftslagsmála og sýna styrk þess að nota gögn úr alþjóðlegu viðhorfakönnuninni til að skoða viðhorfabreytingu yfir tíma. Umhverfismál hafa lengi verið í brennidepli hérlandis og því er áhugavert að skoða hvernig viðhorf hafa breyst yfir tíma, þá sérstaklega með aukinni umræðu um loftslagsmál á undanförunum árum. Í skýrslunni kemur skýrt fram að Íslendingar átta sig á að loftslagsbreytingar eiga sér stað og eru tilbúnir að styðja aðgerðir í loftslagsmálum. Íslendingar telja einnig að aðgerðir í loftslagsmálum muni verða til framþróunar fyrir okkur sem samfélag, t.d. stuðla að bættri heilsu, gefa komandi kynslóðum betra líf og koma í veg fyrir útdauða margra plantna- og dýrategunda. Það er ljóst að umhverfisvernd er ofarlega í huga margra. Það sést meðal annars í litlum stuðningi við orkufreka stóriðju og því að fólk er ekki tilbúið að leggja áherslu á hagvöxt á kostnað náttúruverndarsvæða hér á landi. Þetta samband hefur lengi verið þekkt hér á landi, en í Íslensku kosningarannsókninni (ÍSKOS) kom í ljós að um 50% Íslendinga völdu aðgerðir í umhverfismálum fram yfir hagvöxt árið 1987 og fór það hlutfall upp í 70% árið 2017 (Sóllilja Bjarnadóttir o.fl., 2021). Áhugavert er að sjá að í rannsókn Sóllilju Bjarnadóttur o.fl. (2021) virtust Íslendingar vilja leggja meiri áherslu á umhverfismál en hagvöxt samfellt á þessu 30 ára tímabili (1987–2017) fyrir utan árið 2009 (rétt eftir kreppuna), sem var eina árið sem Íslendingar vildu leggja meiri áherslu á hagvöxt. Því virðist sem mynstrið sé það sama hér árið 2020: Íslendingar vilja leggja frekari áherslu á umhverfismál og telja okkur vera í ákveðinni ábyrgðarstöðu til að sporna gegn

þeim breytingum sem við stöndum frammi fyrir. Heildarniðurstöðurnar sýna að við sem þjóð áttum okkur á vandamálinu og þeirri ábyrgðarstöðu sem við öll erum í.

6 Heimildir

- Burstein, P. (2003). The Impact of Public Opinion on Public Policy: A Review and an Agenda. *Political Research Quarterly*, 56(1), 29–40. <https://doi.org/10.2307/3219881>.
- Hagstofa Íslands. 2020a. Mannfjöldi 16–74 ára eftir menntunarstöðu á vinnumarkaði samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003–2020. Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. 2020b. Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri 1996–2021. Hagstofa Íslands.
- Harlan, S.L., Pellow, D.N., Roberts, J.T., Bell, S.E., Holt, W.G. og Nagel, J. Climate Justice and Inequality. Í Dunlap, R.E. og Brulle, R.J. (ritstjórar), *Climate Change and Society*. (bls. 127–163). Oxford University Press.
- Islam, M.S. og Kieu, E. (2021). Sociological Perspectives on Climate Change and Society: A Review. *Climate*, 9(7). <https://doi.org/10.3390/cli9010007>.
- IPCC. (2013). Stocker, T.F, Qin, D., Plattner, G.-K., Tignor, M.M.B., Allen, S.K., Boschung, J., Nauels, A., Xia, Y., Bex, V., Midgley, P.M. Climate change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of working group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change. Cambridge University Press, Cambridge, United Kingdom and New York, 1–1535.
- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Henný Hinz og Þórunn Sveinbjarnardóttir. (2021). *Réttlát Umskipti: Leiðin að kolefnislausu samfélagi*. BSRB, ASÍ, BHM. https://www.bsrb.is/static/files/Utgefing_efni/rettlat_umskipti_skyrsla.pdf.
- Sóllilja Bjarnadóttir, Inga Rún Sæmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Þorvarður Árnason og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2021). Hefur umhverfisvitund aukist? Viðhorf Íslendinga til umhverfismála og stóriðju 1987–2017. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 17(1), 49–78. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2021.17.1.3>.
- Þorvarður Árnason (2004). „Umhverfisvitund Íslendinga“, *Landabréfið*, 20(1), 3–24.